


## Innritun í framhaldsskóla fyrir haustönn 2016

Innritun í framhaldsskóla fyrir haustið 2016 er lokið. Innritun eldri nemenda stóð yfir frá 4. apríl – 31. maí en lokadagur innritunar 10. bekkinga var 10. júní. Alls bárust 7.693 umsóknir þar af voru 3.824 umsóknir frá eldri nemendum. Við innritun ber framhaldsskólum að fylgja reglugerð um innritun í framhaldsskóla nr. 1150/2008 sjá nánar:

<http://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/menntamalaraduneyti/nr/17772>. Í Reglugerðinni má sjá að við inntöku ber skólum að fylgja ákveðinni forgangsröðum við innritun og hafa þá þeir sem yngri eru forgang fram yfir þá sem eldri eru.

### Innritun nýnema

Alls sóttu 4.139 nemendur um skólavist að þessu sinni sem er rétt tæplega 99% allra þeirra sem útskrifuðust úr grunnskóla nú í vor. Líkt og undanfarin ár gafst nemendum kostur á að sækja um tvo skóla. Eins og fram kemur á meðfylgjandi mynd komust tæplega 90% umsækjenda í þann skóla sem þeir völdu sér í fyrsta vali en til samanburðar má geta þess að á síðasta ári var hlutfall þessara nemenda 85%. Alls komust 9% nemenda inn í þann skóla sem þeir völdu sér í öðru vali en á haustönn 2015 var hlutfall þessara nemenda 13%.




Alls 59 nemendur eða rétt rúmlega 1% allra umsækjenda fengu ekki skólavist í þeim skólum sem þeir höfuð óskað eftir og sá Menntamálastofnun um að útvega þeim skólavist í þriðja skóla. Flestir þeir sem tilheyrðu þessum hóp uppfylltu ekki inntökuskilyrði í það nám sem þeir sóttu um. Til samanburðar má geta þess að á síðast ári var fjöldi þessara nemenda 90.

Undanfarin ár hafa nokkrir skóla notið mikilla vinsælda hjá umsækjendum og var engin breyting á því í þessari innritun. Samkeppnin um laus pláss var því hörð og þurftu þeir skólar sem fengu hvað flestar umsóknir að vísa mörgum umsækjendum sínum frá. Kvennaskólinn í Reykjavík, Menntaskólinn við Sund, Verzlunarskóli Íslands og Tækniskólinn fengu flestar umsóknir en alls sóttu um helmingur allra umsækjenda um skólavist í þessum skólum.

## Námsval nýnema

Gerð hefur verið gróf flokkun á námsvali 10. bekkinga þ.e. inn á hvaða námsbrautir nemendur innrituðust. Flestir nemendur sóttust eftir því að komast inn á bóknámsbrautir til stúdentsprófs eða 62% allra þeirra sem sóttu um. Um 12% nemenda innrituðust á verk- eða starfsnámsbrautir og 5% umsækjenda innrituðust á listnámsbrautir. Nærri 21% nemenda innrituðust á almenna námsbraut eða framhaldsskólabraut en þessar námsbrautir eru einkum ætlaðar þeim sem ekki uppfylla inntökuskilyrði til að komast beint inn á aðrar námsbrautir.



## Innritun eldri nemenda


Alls bárust 3.824 umsókn frá eldri nemendum á haustönn 2016. Flestar umsóknir bárust í Tækniskólann og Fjölbrautaskólann við Ármúla.

Nemendur á aldrinum 16-17 ára sem sóttu um framhaldsskólavist voru 949 talsins, þar af voru 611 að sækja um flutning á milli skóla. Til samanburðar má geta þess að á haustönn 2015 bárust 1.135 umsóknir frá sama aldurshóp. Umsóknir 778 nemenda voru samþykktar en 171 umsóknum var hafnað og þar af voru 11 nemendur sem ekki voru þegar með skólavist. Nokkrir úr þessum hópi leituðu aðstoðar hjá Menntamálastofnun og fengu þeir úrlausn sinna mála.

Alls bárust 1.903 umsóknir frá nemendum á aldrinum 18-24 ára. Af þeim voru 1.040 að sækja um flutning á milli skóla. Til samanburðar þá bárust 2.286 umsóknir frá sama aldurshóp á haustönn 2015. Úr þessum hópi fengu 1.335 skólavist í öðrum tveggja skóla sem þeir sóttu um. Alls voru því 568 nemendur sem ekki fengu flutning á milli skóla eða skólavist og af þeim hóp voru 131 nemendur sem ekki höfðu skólavist fyrir.

Í hópi 25 ára og eldri bárust 972 umsóknir. Af þeim voru 67 að sækja um flutning á milli skóla. Úr þessum hópi fengu 668 skólavist í öðrum tveggja skóla sem þeir sóttu um, 33 drógu umsóknir sínar til baka og var því umsóknum 271 nemenda, sem eru eldri en 25 ára, hafnað. Á myndinni hér að neðan má sjá hvaða tegund nám „eldri“ nemendur sem ekki fengu skólavist voru á sækja um.

Nemendur 18 ára og eldri sem ekki fengu skólavist á haustönn 2016 - Tegund náms sem sótt var um



Af þeim sem sóttu um í verknámi voru flestir að sækja um í list- eða handverksgreinar eða 64 og höfðu 38 af þeim lokið stúdentsprófi en ekki er óalgengt að nemendur sækji um iðn- og verknám að loknu bóklegu framhaldsskólanámi.

Nemendur 18 ára og eldri sem ekki fengu skólavist  
Tegund náms sem sótt var um

